

Reykjavík 23.06.2023

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkur beinir því til borgarráðs að samþykka sjö milljóna króna aukafjárveitingu til að mæta bráðavanda Tjarnarbíós og koma í veg fyrir lokun þess í haust. Fjárveitingin verði fjármögnuð af lið 09205 í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, „Ófyrirséð.“

Flýtt verði eins og unnt er, þarfagreiningu á aðstöðumálum Tjarnarbíós og sjálfstæðra sviðslista almennt sem fyrirhuguð er í samstarfi við ríkið, líkt og samþykkt var á fundi fundi Menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs 10. febrúar 2023.

Kostnaðarmat verði framkvæmt á þörfum og óskum rekstraraðila Tjarnarbíós vegna Tjarnargötu 12.

Einnig er lagt til að borgarstjórn samþykki að Reykjavíkurborg hefji viðræður um formlegt samstarf við ríkið til að móta stefnu til framtíðar fyrir sjálfstæða sviðslistastarfsemi í Reykjavík og til að skjóta styrkari stöðum fjárhagslega undir starfsemina.